

Árneshreppur
Bolungarvíkurkaupstaður
Ísafjarðarbær
Kaldrananeshreppur
Reykhólahreppur
Strandabyggð
Súðavíkurhreppur
Vesturbyggð

Ísafirði 12. mars 2025

Boðun á 70. Fjórðungspings Vestfirðinga að vori, 2. apríl 2025 og vinnufundar með Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Með vísan til 9. greinar samþykktar Fjórðungssambands Vestfirðinga er hér með boðað til 70. Fjórðungspings Vestfirðinga að vori, en stjórn samþykkti á stjórnarfundi þann 12. mars 2025 þingið skyldi haldið 2. apríl nk. Dagskrá er samkvæmt 8. gr. samþykktá;

1. Skýrsla stjórnar og rekstrareininga, sem FV ber ábyrgð á.
2. Afgreiðsla ársreikninga og skýrslu endurskoðenda FV og rekstrareininga sem FV ber fjárhagslega ábyrgð á.
3. Endurskoðuð fjárhagsáætlun fyrir líðandi starfsár.
4. Ákvörðun dagsetningar haustþings og umfjöllunarefnis.
5. Önnur mál löglega fram borin.
6. Frestun Fjórðungspings Vestfirðinga

Undir liðnum önnur mál hefur stjórn samþykkt að fram fari kynning og umræða um efni að **drögum vinnslutillögu Svæðisskipulags Vestfjarða 2026-2050**. Staða og efni vinnslutillögu er opin öllum sveitarstjórnarfulltrúum á vinnuvefsjá svæðisskipulagsins.

<https://vestfirdir.netlify.app/>

Auk framangreindrar dagskrár hefur verið fallist á ósk Sambands íslenskra sveitarfélaga og innviðaráðuneytis um boðun vinnufundar með sveitarstjórnarfulltrúum á Vestfjörðum, í tengslum við Fjórðungsping Vestfirðinga. **Efni fundarins er að fjalla um endurskoðun IX. kafla sveitarstjórnarlaga. Samvinna sveitarfélaga og samningar um starfrækslu verkefna.** Vinnan er hluti af heildarendurskoðun sveitarstjórnarlaga 138/2011.

Þingið verður haldið miðvikudaginn 2. apríl 2025 í Edinborgarhúsinu Ísafirði. Vinnufundur með Sambandi íslenskra sveitarfélaga hefst kl 11.00 og stendur til 12.00. Þá verður gert hádegisverðarhlé en þingið hefst kl 13:00 og verða þinglok um kl 16.00.

Áskilinn er réttur til að breyta dagskrá þingsins allt að 10 dögum fyrir þingið. Slík dagskrárbreyting verður kynnt sérstaklega, auk þess sem hún verður sett inn á vef Vestfjarðastofu. Einnig verða sett inn önnur gögn er varða þingið.

Skráning og gögn má finna á heimasíðu Vestfjarðastofu –

<https://www.vestfirdir.is/is/verkefni/fv/fjordungsting/70-fjordungsting-ad-vori>

F.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga
Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri